

## Leiðari



## Skítahaugurinn

Ég er ein af þessum týpum sem man aldrei brandara auk þess að eiga oft erfitt með að skilja þá. Þegar ég var í heimspeki í gamla daga þá las ég grein eftir höfund, sem ég man ekki lengur hvað heitir, þar sem hann setti fram að ólík hlutverk fólks í samfélaginu væru byggð á hlutverkaskipan í hirðum konungsdæma til forna. Hlutverk kóngsins var að taka ákvarðanir á meðan hirðin í kringum hann leitaðist við að hafa áhrif á ákvarðanatökuna annað hvort með hliðsjón af almannahagsmunum eða eigin hagsmunum. Þar voru ráðgjafarnir, herstjórnarnir, drottningin o.s.frv. Það hlutverk sem var áhugaverðast að mínu mati var hlutverk fíflsins sem skemmti hirðinni og þá sérlega kóngi, viðkomandi þurfti að þræða hárfina línu þar sem hann gerði grín að hirðinni og kóngsa sjálfum án þess að reita hann til reiði og eiga það á hættu að lenda í gapastokknum. Fíflid gat þannig oft gengið lengra í gagnrýni sinni á yfirvaldið en aðrir, bent á hluti sem betur máttu fara án þess að fella dóma eða setja fram lausnir.

Jæja en hvað kemur þetta málinu við eða yfirskrift pistilsins? Jú ég man einn brandara, nokkurn vegin, líklega eins og ég vil muna hann og þá eingöngu vegna þess að mér hefur fundist hann byggja á sannleikskorni eða visku. Brandarinn er einhvern vegin svona: Hvað er líkt með hópi lögfræðinga og skítahaug? Jú ef þú setur mikið magni af skít í haug þá sviðnar jörðin undir honum og megna pest leggur um nágrennið. Það saman á við um hóp lögfræðinga - þegar stór hópur lögfræðinga er samankominn á einhverjum stað bendir það til erfiðleika og jafnvel eyðileggingar á viðkomandi stað og nágrenni. Þarna mætti benda á velmegun stéttarinnar í hruninu.

Af því að það var háskólaprófessor frá Skotlandi sem sagði mér þennan brandara fyrst þá fannst mér við hæfi að yfirfæra hann á háskólasamfélagið þ.e. að ef stór hópur af einsleitum fræðimönnum væri samankominn á einum stað þá yrði það til vandræða því þeir misstu tengslin við raunveruleikann og lokuðust inni í filabeinsturninum. Tek fram að umræddur prófessor var einn sinnar tegundar á nyrstu eyju Skotlands og þurfti því ekki að taka þetta til sín. Þetta fannst mér svo bráðsniðug leið til að sannfæra Akadémíuna um mikilvægi þess að byggja upp þekkingu víðar en í Vatnsmýrinni.

En skítahaugurinn á í raun við um allt og þá ekki sist um hugtök á borð við vald, svo maður hætti að gera lítið úr ákveðnum starfsstéttum. Ég hef oft velt því fyrir mér hvort hrúnið hafi varað nógu lengi, hvort við hefðum ekki þurft aðeins lengri tíma til að endurhugsa hlutina? Kallað var á aukid lýðræði og valddreifingu til að koma í veg fyrir alræði fjármagnsaflanna en hvað gerðist - ekkert, Lýðræði hefur ekkert aukist. Í stað lýðræðis fengum við forseta sem kennir sig við lýðræði og í stað þess að fá nýja stjórnarskrá fengum við nefnd í þinginu. En völdin eru ekki bara hjá stjórnarmálmönnum heldur engu síður hjá sífellt öflugri hagsmunasamtökum þar sem valdhöfum fer sífellt fækkandi. Þannig virðast píramídalagaðir skítahaugar spretta upp víða án þess að úr þeim sé dreift til að yrkja jörðina og auka frjósemi hennar.

Stefanía G. Kristinsdóttir, ritstjóri



## Vígsla á útivinnustofu við Egilsstaðaskóla

Egilsstaðaskóli og stjórn foreldrafélagsins stóðu fyrir vígslu á útivinnustofu við Egilsstaðaskóla fimmtudaginn 30. maí síðastliðinn. Verkefnið naut stuðnings úr samfélagssjóði Alcoa-Fjarðaáls auk þess sem foreldrar, kennarar, nemendur og aðrir starfsmenn skólans hafa unnið að verkefninu í sjálfböðavinnu. Edda Hrönn Sveinsdóttir, formaður foreldrafélagsins, bauð gesti velkomna.

Sigrún Blöndal fyrrum formaður lýsti ánægju sinni með rjóðrið og fór yfir forsögu verkefnisins hjá fyrri stjórn

en Sigurlaug Jónasdóttir skólástjóri nefndi þennan möguleika við stjórn félagsins haustið 2009 en vorið eftir var byrjað að grísa og smíða skýli í rjóðrinu. Um haustið var haldið áfram með aðstoð foreldra sem störfuðu hjá Alcoa auk þess sem styrkur fékkst til að kaupa ýmis áhöld og búnað en síðan þá hafa margir komið að verkefninu með vinnuframlagi og gjöfum.

Sigurlaug skólástjóri vígði rjóðrið og óskaði gestum og skólanum hjartanlega til hamingju með skólarjóðrið sem væri góð tilbreyting

frá hefðbundnu skólastarfi en bæði kennarar og foreldrar eru duglegir við að nýta sér aðstöðuna í rjóðrinu fyrir bekkjarviðburði og útikennslu. Sérstaklega hefði nýtingin verið góð síðustu daga þar sem sumarið virtist nú loks hafa náð til Austurlands.

Aðstaða í rjóðrinu er til fyrirmyndar en lagðir hafa verið stígar, reist skýli, gert eldstæði, grisjaður skógur og settir upp kaðlar. Að lokinni vígslunni gæddu gestir sér á góðum veitingum sem níundu bekkingar í Egilsstaðaskóla reiddu fram. SGK

## Austfirski verður viðfangsefni málþings Breiðdalsseturs og Árnastofnunar

Árnastofnun og Breiðdalssetur Ástanda fyrir málþingi í Breiðdalssetri laugardaginn 8. júní nk., kl. 13-18:30 um íslenskt mál og málnotkun með sérstöku tilliti til austfirsku. Málþingið er haldið í minningu prófessors Stefáns Einarssonar. Fræðimenn munu halda stutt og aðgengileg erindi um ýmis málfræðileg efni, framburð, örnefni o.fl. Málþingið verður opið öllum áhugasömum.

Forsvarsmáður verkefnisins er Vésteinn Ólafsson en hann situr í stjórn Breiðdalsseturs og var áður forstöðumaður Árnastofnunar. Vésteinn mun í upphafi málþingsins

segja stuttlega frá starfsemi Breiðdalsseturs og Stefáni Einarssyni. Nánari upplýsingar um málþingið má finna á heimasíðu Breiðdalsseturs [www.breiddalssetur.is](http://www.breiddalssetur.is).

Auk málþings um Austfirsku verður fundur um líf og starf Vestur-Íslendinga „vinir í vestri“ í Breiðdalssetri laugardaginn 15. júní kl. 14 þar sem Atli Ásmundsson, fyrrverandi aðalræðismaður í Winnipeg, segir frá kynnum sínum af fólki af íslenskum ættum í vestrurheimi. Aðgangur er ókeypis en fundurinn er samvinnuverkefni Breiðdalsseturs, utanríkisráðuneytis og Þjóðræknifélags Íslands SGK



## Bára forstöðumaður Héraðsskjalasafnsins

Máður á þrítugsaldri var Bára Stefánsdóttir tók við starfi forstöðumanns hjá Héraðsskjalasafni Austurlands á Egilsstöðum þann 1. maí sl. Hún er bókasafns- og upplýsingafræðingur að mennt, hefur auk þess kennsluréttindi og stundar MA-nám í hagnýtri menningarmiðlum við sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands. Bára vann áður í

Borgarholtsskóla þar sem hún veitti bókasafninu forstöðu auk þess að vera vefstjóri skólans.

Hrafnkell Lárusson, fráfarandi héraðsskjalavörður, hefur hafið störf sem verkefnisstjóri hjá Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Austurlandi auk þess að vera í doktorsnámi við sama skóla. Hrafnkell var héraðsskjalavörður frá 2008. Fréttatilkynning

## Leiðrétting

Þau mistök voru gerð í grein um Cittaslow í síðasta blaði að talað var um að einungis bæir með undir 5.000 íbúa gætu sótt um inngöngu í Cittaslow. Rétt er að bæir sem sækja um inngöngu mega ekki hafa fleiri íbúa en 50.000.

Þá er Eygló Björk formaður stjórnar Austfirskra krása rangfeðruð í upphafi viðtals við hana en hún er Ólafsdóttir ekki Guðmundsdóttir.

Ritstjóri biðst velvirðingar á þessum mistökum

**ora**  
Ástríða í matargerð

**Grillum saman í sumar**

Ora grillisósar.. ..fást í næstu verslun!

## AUSTURLAND 8. TBL. 2. ÁRGANGUR 2013

**ÚTGEFANDI:** Fótspor ehf. **Ábyrgðarmaður:** Ámundi Ámundason, sími: 824 2466, netfang: amundi@fotspor.is. **Auglýsingastjóri:** Ámundi Ámundason, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. **Auglýsingasími:** 578 1190, netfang: auglysingar@fotspor.is. **Ritstjóri:** Stefania G. Kristinsdóttir, sími 891 6677, netfang: stefania@einurd.is **Blaðamenn:** Bryndís Skúladóttir og Halldóra Tómasdóttir **Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja, 4.400 eintök. **Dreifing:** Íslandspóstur. - Blaðið er aðgengilegt á PDF sniði á vefnum [www.fotspor.is](http://www.fotspor.is).

FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í 4.400 EINTÖKUM Á ÖLL HEIMILI Á AUSTURLANDI OG HORNAFIRÐI AUK DREIFBÝLIS. BLAÐIÐ LIGGUR EINNIG FRAMMI Á HELSTU ÞÉTTBÝLISSTÖÐUM Á AUSTURLANDI.